

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

JÚNÍ 2015



6. tbl. 18. árg.

24
Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

**Slökkvitækja-
þjónustufan**
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

Í ALFARALEIÐ
Aðalskoðun
Reykjavík Skeifunni 5 Sími 590 6930

- bls. 4-5
Viðtal við
Pétur Pétursson
félags- og
guðfræðing
- bls. 6
Róið á
Nauthólsvíkinni

Húsið mun fá nýtt hlutverk innan tíðar

„Já - það er í farvatninu að önnur starfsemi komi í húsið enda er núverandi hafnarstarfsemi sem er í húsinu á undanhaldi þar sem skipulagsyfirvöld borgarinnar eru búnar að breyta skipulagi hafnarvæðisins og núverandi hafnarstarfsemi við Reykjavíkurhöfn er ekki lengur inn í nýju skipulagi Reykjavíkurborgar,“ segir Guðmundur Kristjánsson forstjóri Brims.

Húsið sem um ræðir er fyrrum vöruskemma Ríkisskipa og síðar útgerðarstöð Jóns Ásbjörnssonar og stendur á bakka gömlu hafnarinnar í Reykjavík. Húsið komst í eigu Brims fyrir nokkrum árum og hefur að mestu staðið ónotað að undanfögnu auk þess sem lítið hafði verið hugað að útlit þessu. Nú er búið að mála húsið að utan og ætlunin er að koma starfsemi í það á næstunni. Gísli Gíslason hafnarstjóri Faxaflóahafna segir eiganda hússins hafa fullan hug á því að finna því einhver not. „Við höfum verið að ræða þetta að



undanfögnu og erum sammála um að heppilegt verði að starfsemi í húsinu tengist útvegi og fiskvinnslu með einhverjum hætti.“ Gísli segir ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar. Þar á meðal sú hugmynd hvort hægt væri

að koma upp litlum fiskmarkaði og einhverri vinnslu í húsinu. „Eftir því sem ég best veit hafa þó engar ákvarðanir verið teknar enn þá en ég hef trú á að húsið fái hlutverk innan tíðar,“ segir Gísli.

Götugrill á Stýrimannastíg

Íbúar við Stýrimannastíg ætla að efna til götuhátíðar á laugardaginn kemur 27. júní nk.

Ætlunin er að íbúar við götuna og aðrir gestir hittist yfir grillveislu á milli kl. 15. og 17. og hafi gaman af því maður er manns gaman. Um áratugur er síðan fólkið

á Stýrimannastígnum efndi síðast til götuhátíðar og finnst tími kominn til þess að endurtaka það – hittast og hafa gaman af. Vissulega vonast þeir eftir góðu veðri en ef mikið rignir eða illa viðrar að öðru leyti eru þeir tilbúnir að fresta hátíðahöldunum.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**
DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

græn heilsa
lífræn heilsuverslun
Ægisíða 121
facebook.com/grænheilsa

MÁNAÐARKORT AÐEINS
7.490 KR.
World Class
IBELAND

Sumartilboð!

Lambalæri úr kjötborði kr 1498 kg
Lamba Prime-rib kr 3298 kg
Svínahnakki kr 1498 kg

Melabúðin
þín verslun

Sími 551-0224

Ísfugls kjúklingabringur
20% afsláttur

Tilboð gilda frá miðvikudegi til sunnudags
25. - 28. júní - meðan birgðir endast...

Jarðarber
kr 498 500 gr askja

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

6. tbl. 18. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Allt styrkir Vesturbæinn

Uppbyggingin í Vesturbænum heldur áfram. Hús rísa á hafnarsvæðinu - bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Framkvæmdir við vesturhöfnina halda áfram. Hvað sem fólki finnst um að breyta Örfirsey úr útvegsplássi í byggð verslunar og viðskipta liggur sú staðreynd fyrir og mannlífið í hinna löngu landsföstu eyju verður stöðugt fjölbreyttara.

Á Grandanum með fram sjávarsíðunni er verið að byggja yfir fólk og fyrirhugað að taka land vestar með þeirri síðu fyrir mannabústaði. Þá er ótalin sú byggð sem risin er, er að rísa og mun rísa á Háskólasvæðinu og í Vatnsmýrinni. Byggð fróðleiks og vísinda sem í raun er framlenging á Vesturbænum. Allt þetta mun styrkja bæjarlutann og auka á fjölbreytni hins gróna samfélags sem fyrir er. Flestar grunnstöðir eru öflugar en aðrar þarf að bæta frekar - einkum þær er snerta mannaferðir um byggðina og til henna og frá. Þar kemur bæði til að greiða fyrir umferð ökutækja og að finna almenningsamgöngum skilvirkari farveg.

Í Vesturbænum hefur lengi verið að finna sterka bæjarbyggð en með þeim framkvæmdum sem nú er unnið að og þróun sem á sér stað er verið að efla borgarhluta sem mun hafa allt sem þarf til þess að geta orðið öflug eining til hverfisstjórnar.

Kvennabaráttunni er ekki lokið

Margt hefur verið gert til að minnst þess að eitt hundrað ár eru liðin frá því konur fengu kosningarétt hér á landi. Að ekki er lengra síðan minnir okkur á hvað jafnréttisbaráttan á sér skamma sögu. Á fyrri hluta liðinnar aldar heyrði til undantekninga ef giftar konur eða í sambúð ynnu utan heimilis. Að konur færu almennt á vinnumarkað varð ekki fyrir en undir og um 1970. Við erum heppin að því leyti hvað sú breyting gekk auðveldlega fyrir sig og tók skamman tíma. Einkum var um breytingu á hugarfari að ræða en einnig urðu til ný atvinnutækifæri fyrir konur - til dæmis innan mennta- og fjármálastofnana.

Þótt um margt hafi tekist vel er enn verk fyrir höndum. Óásættanlegur munur er víða á launum karla og kvenna. Einnig er þungt til þess að hugsa að þegar sjálfsögðum réttindum er fagnað með hátíðahöldum skuli ein elsta kvennastétt landsins hafa þurft að heyja hatramma launa-baráttu. Það segir að kvennabaráttunni er ekki lokið.



rafmagn@mi.is

Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnes

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R



Ánægja með þjónustu frístundaheimilanna

Um 87% foreldra sem eiga barn á frístundaheimilum borgarinnar eru mjög eða frekar ánægðir með þá þjónustu sem börn þeirra fá. 94% foreldra telja að barninu þeirra líði vel á frístundaheimilinu og 90% eru ánægð með samskipti við starfsfólkið. Þá eru 82% foreldra ánægð með viðfangsefni barnsins á frístundaheimilinu, en minnst ánægja er með húsnæði eða 62% að jafnaði. Þeir foreldra sem voru ánægðastir með frístundaheimilin töldu viðfangsefni fjölbreytt og áhugaverð, voru ánægð með aðstöðu frístundaheimilisins, viðmót starfsfólks og umhyggju þeirra í garð barnsins. Óánægju foreldra má helst tengja við að viðfangsefni séu ekki nægilega áhugaverð, skort á eftirliti og/ eða öryggi frístundaheimilis, leikaðstöðu og húsnæði.

Gönguleiðir fyrir 120 milljónir

Borgarráð hefur samþykkt að bjóða út framkvæmdir við gönguleiðir fyrir um 120 milljónir króna. Um er að ræða aðgerðir sem tengjast lækun á umferðarhraða við göngubveranir og er þeim ætlað að bæta öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Framkvæmt verður á 65 stöðum víðs vegar í borginni og settar sebrangbrautir á upphækkaðar göngubveranir auk viðbótarskilta í eftirtöldum hverfum þar sem hámarkshraði er 30 kílómetrar á klukkustund; í Laugarnesi, Langholtshverfi, Grafarvogi, Grafarholti, Breiðholti og Kjalarnesi.

Hótel og gistihús ekki yfir 23% bygginga í Kvosinni

Borgarráð samþykkti á fundi sínum í gær að setja hömlur við uppbyggingu hótela og gistihúsa í Kvosinni. Efnislega gengur

breytingin út á að hlutfall rekstrar gistipjónustu, eins og það er nefnt, verði ekki yfir 23 prósent í byggingum á svæðinu. Með þessari samþykkt hefur því verið sett þak á hótelpuppbyggingu á svæðinu. Með þessu vill borgarráð stuðla að því að Kvosin verði ekki einsleit og að uppbygging í þágu ferðapjónustu dreifist víðar. Næsta skref er að kanna hvort grípa þurfi til viðlíka aðgerðar víðar, t.d. við Laugaveg og Hverfisgötu.



Ný almennings-samgöngustefna

Samþykkt hefur verið ný almennings-samgöngustefna í Reykjavík. Stefnan endurspeglar þær áherslur sem borgaryfirvöld vilja sjá á næstu árum sem er að fleiri nýti sér þjónustu Strætó. Milli árána 2013 og 2014 fjölgaði farþegum um 5% og eftir að appið fór í loftið fyrir hálfu ári hafa meira en 100.000 miðar verið seldir. Ánægja farþega með þjónustuna er að aukast og lengd á næstu biðstöð er að stytast en langflestir íbúar búa innan við 400 metra frá næstu biðstöð.

Bruggúslager við Eyjaslóð

Byggingulltrúi hefur samþykkt að breyta megi því sem áður var lager í smábruggúslageri í tengingu við veitingastaðinn í húsinu á lóð númer 5 við Eyjaslóð.

Stækkun veitingastaðar við Skólavörðustíg

Byggingafulltrúi hefur til meðferðar umsókn um að stækka veitingastað og gistiheimili Skólavörðustígur 21A. Sótt var um leyfi til að dýpka kjallara að hluta, stækka svalir á 2. og 3. hæð og gera nýjar svalir í þaki og innrétta veitingahús í flokki II fyrir 90 gesti á 1. og 2. hæð og gistiheimili í flokki II, íbúðir fyrir

38 gesti á 2. 3. og 4. hæð í íbúðar- og atvinnuhúsnæðis við við Skólavörðustíg 21A.

Þakbygging við Fossagötu

Byggingafulltrúi hefur til meðferðar umsókn um að endurnýja þak og portbyggja efri hæð auk byggingu nýs bíslags við einbýlishús á lóð við Fossagötu 6.

Skartgripaverslun í verbúðunum

Byggingafulltrúi hefur til meðferðar umsókn um leyfi til að innrétta skartgripaverslun og verkstæði í einingu nr. 31 í fyrrverandi verbúð á lóð 15 til 37 við Grandagarð.

Stækkun við Grettisgötu

Byggingafulltrúi hefur til meðferðar ósk um stækkun íbúðar með lokun svala við Grettisgötu 5.

Veitingastaður við Hringbraut

Samþykkt hefur verið að veita leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II á 1. hæð, byggja viðbyggingu við suðurhlíð fyrir stýribúnað vatnsúðakerfis og sorpgeymslu og koma fyrir palli fyrir útiveitingar sunnan húss á lóð nr. 121 við Hringbraut.

Stækka svalir við Tómasarhaga

Byggingafulltrúi hefur til meðferðar umsókn um leyfi til að stækka svalir á 2. hæð til suðurs, á fjölbýlishúsi á lóð nr. 19 við Tómasarhaga.

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

borgarblod@simnet.is

Vesturbæingar



Nú er loksins komið sumar í Vesturbæinn!

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

Sjöundu bekkingar útskrifast



Sjöundabekkingar í Vesturbæjarskóli að útskrifast.

Vesturbæjarskóli útskrifaði 7. bekkinga við hátíðlega athöfn þriðjudaginn 9. júní. Nemendur þökkðu fyrir sig með því að flytja annál síðustu sjö ára, fluttu tónlist undir stjórn Benedikts Hermanns Hermannssonar tónlistarkennara og sýndu frumsamið myndband.

Hildur Hafstað skólastjóri flutti ávarp og

nemendur voru kvaddir af kennurum og starfsfólki með söng. Að lokinni afhendingu vitnisburðar var boðið upp á veitingar fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra ásamt starfsfólki skólans. Foreldrafélagið kvaddi þær Hildi Hafstað skólastjóra og Unu Sigurðardóttur deildarstjóra sem láta af störfum 1. ágúst n.k. með gjöfum.

- Ódýr veitingastaður/
bar og kaffihús
- Vespuleiga
- Laundromat
- Sjálfþjónustu viðgerðaraðstaða
fyrir hjól af öllum gerðum

Opið alla daga 8-23



Bike Cave

Einarsnesi 36 • 101 RVK

www.bikecave.is

Erum á Facebook

Símar 770-3113 og 666-6136



Höfum opnað í JL húsinu!

Ekkert hvítt hveiti, engin hvítur sykur,
engin aukaefni.

Þökkum frábærar móttökur!



FUN • FAST • FUSION

Gott að búa við ölduniðinn við Ægisíðuna

Pétur Pétursson félags- og guðfræðingur spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni. Pétur býr á Lambhóli við Ægissíðuna og þótt hann sé af kenningum kominn hefur sjórinn og sjómennska átt hluta hugar hans um langan tíma. Hann rekur ættir sínar í Skildinganes í Skerjafirði. Otti Ingjaldsson, forfaðir hans var borinn og barnfæddur í Skildinganesi en festi kaup á jörðinni Hrólfskála á Seltjarnarnesi og hóf þar búskap og útgerð. Hann hefur efnast fljótt og vel því heimildir eru til um það að hann gaf Nikulásarkirkju á nesinu forlata predikunarstól. Afkomendur hans bjuggu þar mann fram af manni og stunduðu fiskveiðar þar á meðal langafi Péturs Pétur Sigurðsson útvegsbóndi. Börn hans voru m.a. Guðrún, amma Péturs sem giftist Sigurgeiri Sigurðssyni presti á Ísafirði og Sigurður sem var fyrsti skipstjórinn á Gullfossi. Ásamt þremur öðrum útvegsbændum á Seltjarnarnesi festi Pétur Sigurðsson kaup á skútu frá Englandi. Hún fékk nafnið Sigurfari og er nú staðsett við byggðasafnið í Gårðum á Akranesi og biður að vonum áhugamanna þess að unnt verði að endurbyggja hana sem kerja heimild um tímabil í sögu sjósóknar við Ísland. Sjálfur stundaði Pétur sjómennsku nokkur sumur á háskólaárum sínum. Segir eiginlega aldrei neitt annað hafa komið til greina. „Og nú finnst mér gott að hafa fundið mér heimili við sjávarsíðuna. Það er gott að búa á Lambhóli með ölduna nánast í bakgarðinum.“

Pétur hefur spjallið á að rifja upp leikfang sem hann eignaðist. „Þetta var skúta og hún var kölluð Millý eftir skipinu hans langafa. Það er því líklegt að skútan hafi upphaflega borið þetta nafn. Amma sagði mér frá því að dag einn í Hrólfskála hafi langafi farið í betri fötin. Hún sagðist ekkert hafa skilið í því vegna þess að ekki var sunnudagur en þeir voru betrifatadagar í þá daga. Mamma hennar hafi þá sagt henni að hann væri að fara inn til Reykjavíkur til þess að tala við Tryggva bankastjóra sem var Tryggvi Gunnarsson sem þá var bankastjóri í Landsbankanum. Þá hefur hann verið að falast eftir láni til skipakaupa. Hann mun hafa gengið leiðina inn eftir í skinnskóm en haft spariskóna með sér í poka. Síðan geymdi hann skinnskóna við vörðu sem hann vissi um skammt frá Reykjavík þeirra tíma og fór í betri skónum á fund bankastjórans. Hann hefur fengið lánið hvort sem það hefur verið út á sparifötin eða að hann hafi þótt traustur útvegsbóndi læt ég ósagt um en eflaust hefur gott orðspor hans haft sín áhrif.“

Skúturnar lögðu grunn að fyrstu efnahagsumbótunum

Þetta var um það leyti sem Englendingar voru að taka fyrstu togarana í notkun og seldu því skúturnar. Það kom nokkuð af



Pétur Pétursson félags- og guðfræðingur og Oddur Helgason ættfræðingur ræða um ættir og uppruna í Skerjafirðinum þar sem Pétur hjólar gjarnan framhjá ORG ættfræðipjónustunni á leið sinni til vinnu.

þessum skipum hingað til lands og urðu undirstaðan í útvegsmennsku okkar um tíma og þetta tímabil útvegssögunnar hefur oft verið kallað skútuöldin. Þessi skip lögðu grundvöll að fyrstu verulegu efnahagsumbótum hér á landi og vörðuð leiðina til betri lífskjara. Þessi saga hefst í upphafi 19. aldar þegar stórhuga menn réðust í þilskipaútgerð. Þótt um seglskip væri að ræða voru þau mun stærri en arabátarnir og gátu sótt lengra út á mið og verið lengur við veiðar. Afnáam einokunarverslunar Dana 1787 átti sinn þátt í þessari sögu því þá gátu kaupmenn komist í útgerð enda áttu þeir helst einhverja fjármuni til þess að leggja í nýja atvinnustarfsemi. „Pétur langafi minn hefur verið öflugur og framsækinn,“ heldur Pétur áfram. „Heimili þótti gott heimili millistéttar sem þá var að myndast í landinu. Amma mín lærði að spila á píanó og lék meðal annars undir við sýningar þöglra kvikmynda í Fjalakettinum rétt efir aldamótin 1900. Hún var

afar falleg ung stúlka af myndum af dæma og listræn og vel að sér í kvenlegum dyggðum. Líklega hefur skútukarlinn Þórbergur Þórðarson séð hana spila í Fjalarkettinum og orðið skotinn í henni.“

Þórbergi sárnaði

„Þórbergur var mikill áhugamaður um spíritisma og guðspeki og einhverju sinni, líklega í upphafi þriðja áratugarins, flutti hann erindi á Ísafirði um endurholdgun þar sem hann dvaldi í skjóli Vilmundar Jónssonar læknis sem síðar varð landlæknir og var afi þeirra bræðra Þorsteins, Vilmundar og Þorvaldar Gylfasona. Afi minn Sigurgeir Sigurðsson sem þá var prestur á Ísafirði og varð síðar biskup varð það á að hlægja að Þórbergi fyrir tilvikið. Þetta sárnaði Þórbergi verulega og hefur launað fyrir sig með vísunum frægu um Seltjarnarnesið sem honum fannst lítið og lágt.“

Ljóðið er svona:

*Seltjarnarnesið er lítið og lágt.
Lifa þar fáir og hugsa smátt.
Aldrei líta þeir sumar né sól.
Sál þeirra er blind einsog klerkur á stól.*

*Konurnar skvetta úr koppum á tún.
Karlarnir vinda segl við hún.
Draga þeir marhnút í drenginn sinn.
Dúas kaupir af þeim málfiskinn.*

*Kofarnir ramba þar einn og einn.
Ósköp leiðist mér þá að sjá.
Prestkona fæddist í holtinu hér.
Hún giftist manni, sem hlær að mér.*

*Já, Seltjarnarnesið er lítið og lágt.
Lifa þar fáir og hugsa smátt.
Á kvöldin heyrast þar kynjahljóð.
Komið þér sælar, jómfú góð!*

„Þetta söng maður með innlifun á menntaskólaárunum án þess að vita að afi og amma komu þarna við sögu. Löngu síðar áttu þau amma og Þórbergur góðar samverustundir á heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði sem þau sóttu bæði reglulega. Þar hafa þau eflaust

spjallað um lífið í Reykjavík og á Seltjarnarnesi í gamla daga og gömul sárindi verið gleymd. Amma sagði mér frá lífinu á Hrólfskálamel. Þetta var mannmargt útvegsbændabýli vegna þess að hásetarnir bjuggu heima hjá útvegsbóndanum. Sambærilegt við sveitirnar þar sem vinnuhjú bjuggu heima á bæjunum með bændafjölskyldunum. Dúas keypti fiskinn af útvegsmönnum. Hann seldi þeim líka saltið og veiðarfærin og með tímanum hætti þessi bændautgerð að borga sig og lagðist af, því hún borgaði sig aðeins ef hún var rekin með verslun.“

Þjóðólfur fékk flesta fiska

Enn að þinni eigin sjómennsku. Það er sjómannsblóðið í þér. Komið í gegnum tvo presta og biskupa, þá Sigurgeir Sigurðsson og Pétur Sigurgeirsson, frá langafa þínum eða ef til vill frekar ömmu þinni dóttur Péturs á Hrólfskálamel. „Ég hef velt því fyrir mér hvort áhugi á sjó og sjómennsku geti legið í ættum. Hann kemur alla vega fram í mér sem er kominn af sjósóknurum á Seltjarnarnesi. Reyndar er einnig sjómannsblóð í föðurætt þabba því Sigurður Eiríksson langafi, sem lengst af starfaði sem reglubódi fyrir Góðtemplararegluna, var bátaformaður á Eyrarbakka þar sem hann var fæddur. Æskulýðsfélag Akureyrarkirkju átti róðrabáta og skemmtilegast þótti mér að dóla á þeim úti á pollinum við Akureyri. Sumarið 1971 heimtaði ég að fá pláss á fiskibát og það tókst, ég var ráðinn til og með á gamla skútu sem hét Akranes og var gerð út á handfæri frá Seyðisfirði. Ég var þá komin til náms í Þjóðfélagsfræði. Ég var því kallaður Þjóðólfur um borð og skipsfélagarnir væntu trúlega ekki mikils af þessum prestsyni sem var þar að auk háskólanemi sem ekkert kunni til verka á sjónum og var auk þess að drepast úr sjóveiki. Ég var tekinn fyrir af skipafélögunum og þeir biðu þess dags þegar ég myndi gefast upp. Það er trúlegt sjómannsblóðinu í mér að þakka að ég ákvað að þrauka hvað sem það kostaði og eitt sinn þegar talið var upp úr kössunum þá var Þjóðólfur með flesta fiska. Fyrir túrinn hafði verið ball og



Afi og amma á Ísafirði, prestskonan sem fæddist í holtinu og maðurinn hennar sem hló, um það leyti sem Þórbergur var á Ísafirði að halda sína fyrirlestra.



Guðrún amma Péturs með börn sín. Drengurinn á myndinni er Pétur Sigurgeirsson síðar biskup faðir Péturs Péturssonar.

duglegustu hásetarnir fengið sér vel neðan í því og voru því illa fyrirhallaðir. Þetta skyldu þeir og varð til þess að ég var tekinn í sátt.“

Bara að míga á sárið

„Sumarið eftir fór ég aftur á sjó. Þá frá Akranesi á trébát sem var kallaður Höfrungur gamli en HB útgerðin átti nokkra báta sem gengu undir því nafni og voru aðgreindir fyrsti annar og þriðji. Þessi var eldri en sá fyrsti og hafði því fengið nafnið gamli. Við vorum á ufsa og þarna var hörku veiði og mikið að gera um borð. Það kom áta upp úr fiskunum sem brenndi sig inn í skinnið þar sem stakkurinn nuddaðist við húðina. Það blæddi og skipsfélagarnir sögðu mér bara að míga á sárið. Ég átti þá orðið tengdaföður frá Akranesi. Gunnlaug Magnússon sem var kokkur á einum Höfrunganna, snillingur og hörku sjómaður. Ég gat ekki brugðist honum með því að standa mig ekki á sjónum og reyndi að gera mitt besta. Og ég man hvað hann var stoltur af tengdasyninum eftir þessa sjóferð. Þriðja sumarið var ég á stálbát, Sölva Bjarnasyni frá Tálknafirði sem gerði út á línu á við Grænland. Agætt skip í eigu Ársæls föður Nielsar Ársælssonar sem hefur einnig komið við sögu útvegs á Íslandi.“

Fékk svarið frá Lundi á undan

Varstu ekki orðinn meiri sjómaður en námsmaður á þessum tíma. „Eiginlega. Ég man vel hvað mé leið vel á sjónum einkum á stíminu á miðin og til baka. Sérstaklega þegar ég var einn á vakt í stýrishúsinu og horfði út á sjóinn eða á fjöllin eða jökulinn. Ég er með þetta í blóðinu. Og ég var kominn það langt í þessum hugsunum vorið 1974 þegar ég hafði lokið BA prófinu í félagsfræðinni að þurfa að ákveða hvað ég tæki mér fyrir hendur – kominn með konu og þrjú börn. Og þá kom tvennt til. Annað að sækja um skólavist í háskólanum í Lundi í Svíþjóð eða Stýrimannaskólann því ég var kominn með nægilegan fjölda af tímum á sjó til þess að geta fengið inngöngu. Ég sótti um báða skólana og ástæða þess að ég fór til Lunda var að þeir voru fljótari að svara. Þess vegna varð ég guðfræðingur til viðbótar við félagsfræðina. Annars væri ég trúlega skipstjóri í dag – ef til vill aflaskipstjóri eða kvótakóngur minnugur þess þegar Þjóðólfur fékk flesta fiska í kassann fyrir austan. En í stað þess að sigla um höfin, veiða fisk og safna mér kvóta dvaldi ég næstu 15 árin í Lundi þar sem ég lauk meðal annars prófi í guðfræði. En þrátt fyrir að hafa lagst í lestur og guðfræðilegar pælingar vék hugsunum um sjóinn þó aldrei alveg frá mér.“

Hef gaman af að teikna

„Ég hafði sem barn haft gaman af því að teikna og teiknaði alltaf öðru hvoru. Þegar hér var komið sögu tók ég blýantinn fram og fór að teikna. Ég teikna einkum skip. Það eru til teikningar eftir mig af fleiru. Til dæmis ein af Oddi vini mínum Helgasyni ættfræðingi en hann er mjög



Við Oddur Helgason spekingur erum af eyfirkum ættum báðir, en einnig af Skildinganesætt hinni eldri. Einhvern tímann meðan ég var að bíða eftir kaffinu hjá honum teiknaði ég þessa mynd. Ég hélt að Oddur myndi móðgast og jafnvel vísa mér út, en hann varð hrifinn af myndinni, rammaði hana inn og hengdi upp á vegg – enda er hann húmoristi.

ánægður með þessa teikningu þótt hún fegri hann alls ekki nema síður sé. Ég lít oft við hjá Oddi í Skerjafirðinum á leið minni af Lambhóli og út í Háskóla Íslands þar sem ég starfa. Ég hjóla oft í vinnuna og fæ mér þá gjarnan kaffi og korn í nefið hjá Oddi. Það er erfitt að þekkja hann án þess að fá sér í nefið með honum. Oddur er einn þekktasti neftóbaksmaður á landinu enda var hann til sjós á árum áður.“

Hef hvergi verið ánægðari

En aftur að Lundi. „Eftir 15 árin á meðal Svía var mig farið að langa til baka. Ég ákvað þá að láta Svíþjóðarkafanum í lífi mínu lokið. Ég fékk kennslustöðu við Háskóla Íslands og hef að mestu verið þar síðan ef frá eru talin tvö ár sem ég starfaði sem rektor Skálholtsskóla. Mér fannst ágætt að hreyfa mig aðeins af háskólalóðinni og fara út í sveit. Svo varð ég að finna mér aðsetur í borginni. Mig langaði ekkert að flytja í blokkaríbúð einhvers staðar í úthverfi – hvorki í Grafarvoggi eða annars staðar. Ég hafði einna helst áhuga á að kaupa mér lítið hús á Eyrarbakka. Hús við sjóinn en svo kom Lambhóll



Dúkskurðarmynd af bátunum við slippinn á Akureyri. Þar hafði pabbi besta vinar míns, Kristjáns Jónssonar, trillu sem við fengum stundum að vera með honum á. Ég gerði þessa mynd í myndlistartíma á gagnfræðaskólaárum mínum hjá Einari Helgasyni. Hann var ánægður með hana og setti hana upp við töfluna. Þegar ég fór svo með hana í innrömmun fyrir nokkrum árum hélt afgreiðslumaðurinn að hún væri eftir Gunnlaug Scheving. Ég bauðst til að borga þrefalt verð fyrir innrömmunina.

til sögunnar. Og nú bý ég í fjöruborðinu, heyrir í fuglunum og hlusta á sjávarniðinn. Nú er okkur feðgana, mig og Matthías son minn sem einnig býr í Vesturbænum farið að dreyma um að fá okkur bát og hefja útgerð frá Lambhóli. Kannski róm við einhvern daginn og þá er spurning um hver fær meira í kassann sinn.

Á Skildinganesjörðinni

Nauthóll og Lambhóll tilheyrðu báðir Skildinganesjörðinni. Nautin hafa verið rekin út á Nauthól og lömbin eftir að fært hafði verið frá út á Lambhól. Það er gaman að hugsa til þess að búa á þeim slóðum þar sem forfeðurnir hafa gengið um mann fram að manni, frá Skildinganesi eftir Ægissíðunni út að Hrólfskála. Lambhóll er líka þannig staðsettur gagnvart veðri og vindum að hann er í vari. Fyrst hefur sjálf sagt verið þarna lambakofi eða skýli fyrir lömbin en síðar var byggður þarna torfbær. Þegar brim er mikið kastast grjót og þari alla leið upp fyrir göngustíginn á Ægissíðunni en maður verður aldrei var við ágjöf hér á Lambhóli og lóðin er hrein og varla að saltdropi detti á glugga. Þeir sem byggðu bæinn hafa verið búnir að fá tilfinningu fyrir briminu og áttað sig á hvar verið væri að finna. Ég hef hvergi verið ánægðari að búa og ef til vill eigum við feðgar eftir að koma okkur upp nýjum Sigurfara jafnvel þótt enginn kvóti fylgi með.“



Handverksbakarí síðan 1834

Við framleiðum öll okkar brauð úr eigin súrdeigi Nýbakað allan daginn fyrir ykkur

Bergstaðastræti 13 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - www.bernhoftsbakari.is

Steinbökuð brauð

Leikskólinn Mýri fær grenndarsvæði




Krakkarnir á Mýri skemmta sér í grenndargarðinum.

Leikskólinn hefur fengið fallegan vettvang fyrir umhverfismennt og útinám. Fyrir skemmstu gerði leikskólinn Mýri samning við Reykjavíkurborg um grenndarsvæði í nágrenni skólans.

Markmið samningsins er að skapa vettvang fyrir umhverfismennt og útinám í nágrenni skólans ásamt því að efla tengsl við nærumhverfi skólans og styrkja umhverfisvitund. Svæðið sem jafnan nefnist Holtið meðal barnanna á Mýri

er staðsett í „litla Skerjafirði“ á milli stúdentagarða Háskóla Íslands og Reykjavíkurlugvallar. Svæðið er er vel fallið til útináms og leikja. Tré eru á svæðinu, einnig stór grjót sem hægt er að þríla í, gjótur og síðast en ekki síst dásamlega polla þegar rignir. Svæðið er eitt af fáum í Reykjavík þar sem sjá má ummerki eftir síðustu ísöld enda grjótið þar sorfið eftir ísaldarjökulinn og ummerkin nokkuð greinileg.



Félagar í Strandróðrafélaginu Brandi róa í Nauthólsvíkinni á góðviðrisdegi.

Róið á Nauthólsvíkinni

Félagar í Strandróðrafélaginu Brandi róa á Nauthólsvíkinni á færeyska sexæringnum Svani og hafa gert undanfarin sumur. Strandróðrafélagið Brandur var stofnað af Vesturbæingum og flestir félagsmenn búa í Vesturbænum.

Félagar í Brandi hafa tekið bæði Svan og einnig Skálabátinn sem hefur uppsátur við grásleppuskúrana við Ægisíðu að sér og hafa annast um viðhald á Svani eða dittað að honum eins og stundum er sagt. Til þessa hefur eingöngu verið róíð um Nauthólsvíkina og félagarnir æft áralag og bætt tækni sína. Reykjavíkurborg hefur veitt róðrarfélaginu góðan stuðning og aðstöðu í Nauthólsvík auk aðstöðu til þess að geyma bátinn undir þaki. Svanur er í eigu Skúla Guðbjarnarsonar en hann Skúli áformaði að bjóða túristum upp á róðra frá Ægisíðunni en hann flutti af landi burt áður en af því varð og býr nú í Noregi. Engin útgerð eða ferðaþjónusta er því við Skúrana við Ægissíðuna.

Myndasmiður Ólafur Hauksson



Róið á Svanium um Nauthólsvíkina.



Ánægt róðrarfólk um borð í Svaninum.

Frítt söluverðmat

Reynsla og vönduð vinnubrögð



Hringdu núna.

Davíð Ólafsson

Löggiltur fasteignasali

Sími: 897 1533

david@fr.is



SUMAR ER SANGRÍA

KOMDU Á TABASBARINN OG SMAKKAÐU Á SUMRINU

Ísköld og svalandi Sangríameð ferskum ávöxtum, SOLAZ rauðvíni, appelsínusafa og blöndu af sterku áfengi og líkjörum.

Glas 1.790 KR.

LÁTTU ÞAÐ EFTIR ÞÉR, VERTU FRJÁLS, NJÓTTU LÍFSINS.



RESTAURANT-BAR

Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík
Sími 551 2344 | www.tapas.is

CCP flytur í Vatnsmýrina

Nýjar höfuðstöðvar leikjaframleiðandans CCP munu rísa við Sturlugötu í Vatnsmýrinni en lóðin liggur samsíða húsnæði Íslenskrar erfðagreiningar. Byggingin verður um 14.000 fermetrar að stærð og framkvæmdir gætu hafist í kringum áramótin.

Ástæðan fyrir því að framkvæmdir hefjast ekki strax er sú að leyfi þarf frá borginni til þess að sameina tvær lóðir áður en hægt er að hefjast handa. Hins vegar er talið að byggingin geti risið hratt þegar framkvæmdir eru hafnar og alls tekið um tvö til tvö og hálf ár.

Í húsnæðinu verður þá einnig að finna aðstöðu fyrir fleiri nýsköpunarfyrirtæki þrátt fyrir að CCP verði burðarstarfsemin í húsnæðinu. Gert er ráð fyrir að byggingarkostnaðurinn verði á bilinu 400 til 500 þúsund krónur á



Frá undirritun samningsins um höfuðstöðvar CCP. Veigar Pétursson framkvæmdastjóri er annar frá vinstri.

hvern fermetra og því verði heildarkostnaðurinn um 5,6 til 7 milljarðar króna. Er þá kostnaður við bílakjallara sem grafinn verður undir húsinu ekki talinn með. CCP hefur átt í góðu samstarfi

við önnur þekkingarfyrirtæki og einnig háskólasamfélagið hér á landi og lítið er til þess að fyrirtæði mun taka þátt í þeirri uppbyggingu sem fyrirhuguð er í Vatnsmýrinni.



Fermingar í Neskirkju

Skráning hafin í
s. 5111560 eða
á runar@neskirkja.is

Sumarnámskeið
16. til 23. ágúst.

Allar nánari
upplýsingar eru á neskirkja.is

Nýtt 60 herbergja hótel við Laugaveg

Hefja á byggingu nýs 60 herbergja hótels við Laugaveg 34a til 36 innan tíðar og ætlunin er að fyrstu gestirnir komi þangað í byrjun næsta sumars.

Það er félagið Lantan sem annast uppbyggingu hótelsins og hljóðar kostnaðaráætlun upp á rúmar 800 milljónir króna. Gerð verða upp tvö hús við Laugaveg og tvö sambærileg hús reist á baklóð með tengibyggingu á milli framhúsanna og einnig bakhúsanna. Skipulagsyfirlönd hafa þegar samþykkt bygginguna. Kaffihús og bakariíð Sandholt er á jarðhæð framhúsanna.



Tölvuteikning af hinum uppgerðu og nýju húsum eins og þau munu líta út. Ekki er annað að sjá en þau falli vel inn í gróið umhverfið.



Akandi, gangandi,
hjólandi, vakandi:
OPPIÐ ALLA DAGA Í JÚNÍ!



SAMFESTINGURINN –
ný ómótæðileg útgáfa!

Lífrænn & smart.
Fyrir jóga & lífið.
Sterk, lífræn
og dásamleg
"Fair Trade" bómull.



FLJÓTTU & NJÓTTU
Í SUMAR!

FÁTT jafnast á við FLOT
í falgri sumarnóttinni.
Flohetta & fótaflot:
17.700 kr.



EKTA ILMVÖTN!

Dr. Bach eru ekta lífræn frönsk ilmötn, eins og ilmötn voru upphaflega hugsuð. Ilmvötn sem gefa en spilla ekki. 6 tegundir fást í Systrasamlaginu.



Definitely worth a visit!
- Grapevine apríl 2015

SÁL Í HVERJUM SOPA!

LÍFRÆNT KAFFI m/ BÍÓBÚMJÓLK / INDÍGÓKAFFI?

Eða má bjóða þér næringarríka gourmet súrdeigssamlöku, PEYTING, SKOT, croissant, glútenlaust, "vegan", chiagrauta, heilsubita, kökur, súpu. Innihaldsríkt góðgæti í stöðugri þróun!

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 8:30 - 18
Laugardagar 10 - 16
Sunnudagar í sumar 11 - 15

Þurfum að bæta þjónustuna í Vesturbænum

Góð mæting var á íbúafundi sem Hverfisráð Vesturbæjar stóð fyrir 28. maí sl. Á fundinum gátu íbúar Vesturbæjar komið með tillögur af því hvernig þeir vilji sjá strætó aka um hverfið. Margar hugmyndir voru ræddar og unnið á borðum þar sem fólk gat teiknað inn sínar óskir um það hvernig það vildi sjá strætóaksturinn um Vesturbæinn. Í framhaldinu vann Hverfisráð Vesturbæjar úr þeim hugmyndum sem settar voru á blað og mun koma þeim áleiðis til borgaryfirvalda og stjórnar Strætó bs.

Vesturbæjarblaðið hitti Sverri Bollason formann hverfisráðsins á kaffihúsinu við Hagamel á dögnum og ræddi strætómálið við hann. Sverrir kvaðst mjög ánægður með mætinguna og þær umræður og hugmyndavinur sem fram fór á fundinum. Hugmyndin að baki honum hafi verið að heyra í fólki og leita eftir sjónarmiðum þess um hvað því fyndist vanta til þess að gera kerfið skilvirkara og bætt þjónustuna.

Bætt tenging á milli skóla-, íþrótt- og tómstundasvæða

„Mér finnst væntingarnar í garð Strætó einkum þær að bæta tengingar á milli skólasvæða, sundsvæða- og íþróttasvæða og félagsmiðstöðvanna – þeirra staða þar sem æskulýsstarfið fer fram. Mannaferðir á milli þessara staða er að miklu leyti um miðjan dag og því utan háannatíma Strætó þegar fólk er að fara til vinnu á morgnana og heim er líða tekur á daginn. Við verðum að horfa til þess að krakkar og unglingar þurfa á þessu samgönguneti að halda. Við þurfum að létta ýmskonar

skutli með krakkana af foreldrum sem oft fer fram á vinnutíma. Yngri krakka eru lægri í loftinu og skreflengdin styttri hjá þeim er fullorðnum. Þar að auki eru þau oft að bera allt að þriðjung þyngdar sinnar í skólatöskum á bakinu sem getur verið erfitt fyrir þau ekki síst þegar viðrar illa eins og oft getur gerst. Þetta gerir þeim erfiðara að fara gangandi á milli staða heldur en okkur fullorðan fólkinu. Þar að auki lít ég það sem uppeldislegt atriði að venja krakka við að nota almenningssamgöngur – að nota strætó vegna þess að fólk sen hefur alist upp við almenningssamgöngur sem börn nota þær miklu frekar þegar kemur fram á fullorðinsárin. Reynslan sýnir að fólk sem notar Strætó og þekkir samgöngukerfið er oft mun jákvæðara en þeir sem lítið þekja til þess. Því fólki hætti oftar til þess að sjá ljón í veginum á öllum leiðum.“

Auka þarf þjónustu við Örfirsey og Seltjarnarnes

Sverrir segir ákveðnar óskir hafa komið fram um að auka þjónustu Strætó við þá sem leið eiga í verslana- og athafnabyggðina í Örfirsey. „Hvaða skoðun sem menn hafa á því hvort rétt hafi verið að reisa verslanabyggð á þessu svæði þá er hún komin og því þarf að gæta þess að samgöngur séu greiðar, almenningssamgöngur sem aðrar. Einnig komu fram hugmyndir um að bæta almenningssamgöngur við Seltjarnarnes þá einkanlega Gróttusvæðið. Ég held að það komi til af því krakkar og ungmenni úr Vesturbænum stunda fimleika hjá Gróttu og vilja gjarnan geta tekið Strætó út eftir til þess að stunda æfingar.“



Vesturbæingar teikna upp sína óskaleiðir með Strætó á íbúafundinum í Vesturbænum.



Stóru strætisvagnarnir fara ekki lengur inn í gamla Vesturbæinn.

Þurfum að nálgast íbúana

„Eins og þjónustu Strætó við Vesturbæinga er háttáð í dag þá er hún misjöfn eftir því hvar þeir búa. Melarnir og Hagarnir eru í nokkuð góðum tengslum við leiðir Strætisvagnanna en öðru máli gegnir um gamla Vesturbæinn á milli Hringbrautar og Mýrargötu. Ég tel að við verðum að hugsa á hvern hátt sé hægt að nálgast íbúana á þessu svæði og hvaða leiðum þurfi að breyta í því efni.“ Sverrir kveðst telja að Vesturgata þoli einhverja umferð almenningssvagna en hún var lengi umferðaræð þeirra þegar tvisturinn ók eftir henni. „Ég minnst eldri konu sem kom á fundinn til okkar og benti á þann vanda sem eldra fólk býr við af þessum sökum. Fyrir þá sem búa næst miðbænum er eina stoppistöðin við ráðhúsið og einu strætóleiðirnar um Hofsvallagötu og Suðurgötu í vesturátt. Fólk þarf því að ganga talsverðan spöl

til þess að taka strætó á þessum stöðum og þótt gönguferðir séu af hinu góða eins og hver önnur hreyfing þá þarf þjónustan að vera nærri íbúunum. Íbúar í Skerjafirði eru áhugasamir um að bæta þjónustuna einkum er varðar tengingu við Mela- og Hagaskólann og hefur það mál lengi verið á dagskrá íbúa þar.“

Þörf fyrir innanhverfis Strætó

Sverrir segir spurningu um hvort koma þurfi upp innanhverfisvagni sem fari ákveðnar leiðir um Vesturbæinn. „Þetta er eitt af því við þurfum að skoða því slík leið myndi örugglega nýtast vel en vantar sárlega. Þá er staðreyndin sú að stofnleiðirnar eitt, þrjú og sex fara ekkert inn í íbúðahverfin í Vesturbænum en gætu nýst mjög vel. Kerfið sem notað er í dag er miðað við að vagnarnir komist hratt yfir og séu sem skemmstan tíma á leiðinni



Sverrir Bollason formaður Hverfisráðs Vesturbæjar.



Þessi tegund bíla er orðin áberandi í ferðaþjónustunni. Gangi oft undir heitinu „mini bus“ og eru notaðir til þess að ferðast með fámennari hópa, sem hótelskutlur og til fleiri nota. Spurning er um hvort þeir geti leyst þann vanda sem kann að skapast ef hverfisvögnum verður komið á fót og stóru vagnarnir nýtast illa til þeirra verkefna.

en að notendurnir þurfi að ganga eða skipta frekar. Það var nauðsynlegt að skipta út gamla leiðakerfi SVR sem var bara sama kerfið en árlega var teygð á því. Nýtt kerfi kom til sögunnar og ný hugsun fylgdi því. En hugsanlega þyrftum við að snúa aðeins aftur til einhverra þeirra gæða sem gamla leiðakerfið hafði. Ný innanhverfisleið gæti komið til móts við þessar þarfir. Við höfum fengið fullt af efni í hendurnar um hvaða staðir skipta íbúana máli. Næsta skref er að kynna það sem fram kom á fundinum fyrir borgarfulltrúum og stjórn Strætó bs.“

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST
Áratuga reynsla

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242

www.utfarin.is
Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

**FERSKUR FISKUR
DAGLEGA**

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



168 útskrifaðir úr Hagaskóla

Alls voru 168 nemendur útskrifaðir úr 10. bekk Hagaskóla á liðnu vori en skólanum var slitið í fimmtugasta og sjöunda sinn þriðjudaginn 9. júní í Háskólabíói. Við skólaslitin fór Ingibjörg Jósefsdóttir skólastjóri meðal annars yfir verkefni vetrarins, hvatti útskriftarnemendur til þess að setja sér skýr markmið og foreldra til að vera áfram þátttakendur í lífi barna sinna.

Fimm nemendur fengu verðlaun fyrir framúrskarandi námsárangur í 10. bekk. Þau eru Íris Benediktsdóttir, Marselía Bríet Borgarsdóttir, Mist Þormóðsdóttir Grönvold, Snæfríður Gunnarsdóttir og Þorsteinn Ívar Albertsson. Auk þess voru Ragnheiður Helgadóttir verðlaunuð fyrir framúrskarandi námsárangur í íslensku, Snædís Björnsdóttir og Snæfríður Gunnarsdóttir fyrir framúrskarandi námsárangur í dönsku, Þorbjörg Ester Finnsdóttir fyrir frábæran árangur og iðni í heimilisfræði og Eggert Aron Sigurðarson fyrir vinnubrögð og iðni í hönnun og smíði. Fyrr um daginn voru veitt verðlaun fyrir framúrskarandi námsárangur í 8. og 9. bekk en þau fengu Helga Kristín Sigurðardóttir í 8. bekk og Jón Helgi Sigurðsson í 9. bekk. Dóra Jóna Aðalsteinsdóttir flutti ræðu útskriftarnema og talaði um árin í Hagaskóla. Um skemmtiatriði í útskriftarahöfninni sáu nemendurnir Ragnhildur Helgadóttir, Þórbergur Bollason, Una Schram, Anna Róshildur Böving, Erna Kristín Jónasdóttir og Hrefna Kristín Jónasdóttir.

Á netmiðli er að finna grein sem Pálína Erla Ásgeirsdóttir móðir eins þeirra nemenda sem lauk grunnskólagöngu sinni í vor skrifaði í kjölfar útskriftarinnar. Þar segir meðal annars: „Eftir athöfnina í gær þá fannst mér hin

innihaldsríku orð (skólameistara) skilja meira eftir heldur en langar raðir nemenda að taka við vitnisburði sínum. Ég veit ekki nema


að tími sé kominn á að skapa breytingu við slíkar útskriftir. Þetta á sérlega við um 10. bekk og stúdentspróf. Að þessi stund

sé eitthvað annað en langar raðir nemenda að taka við vitnisburði. Stórar ákvarðanir um áframhaldandi lífsstefnu liggja fyrir

þessum nemendum. Skólaslit gætu verið góður vettvangur fyrir slíkar hvatningar.“



Aukakílóin og preytuna burt!



Ekki lyst á morgunmat? Brauð og kex síðdegis? Tómsundaát á kvöldin og aukakíló?

Ef þetta er lýsing á þér þá er heilbrigð og orkugefandi lífstílsbreyting lausnin.



Á hverjum degi
SEX tegundir af lífrænu grænmeti

Ultimate Veggies grænmetisduft er millimáltíð beint úr matjurtagarðinum. Mettar þægilega, grennir þig og er stútfullt af næringarefnum sem þú þarfnast daglega. Ríkuleg neysla grænmetis kemur á insúlínjafnvægi og eykur fitubrennslu líkamans á náttúrulegan hátt. Gefur orku og vellíðan. Lengsta og besta blóðsykursjöfnun sem völ er á kemur úr grænmeti. Næringarefni fara beinustu leið út í líkamann og löngun í „drasmat“ hverfur. Orka og skýrleiki tekur við.

Frábært í 5:2 kúrinni!

Bragðgott í safu eða vatni. 1 kúfuð teskeið. Fæða fyrir alla aldurshópa. 40 millimáltíðir.



12
HITAEININGAR
Í TESKEIÐ

Sverrir Björn Þráinsson

Viðurkenndur grenningarráðgjafi og pistlahöfundur. Sporhúsinu, Kópavogi

„Það hefur sannast hjá mínum viðskiptavinum og sjálfum mér að með notkun LifeStream Ultimate Veggies sem millimál næst meira jafnvægi á blóðsykurinn. Mun auðveldara reynist að stjórna fæðuvali sem eftir lifir dags. Handhægt til inntöku og hægt að njóta hvar og hvenær sem er. Með einni skeið færðu næringaríkan dagskammt af öllu því grænmeti sem þú borðar sjaldnast. Ég mæli hiklaust með LifeStream Ultimate Veggies ef þú vilt ná betra jafnvægi, líðan og grennast um leið.“

INNIHALD:
25% brokkolí
25% rauðrófur
25% spínat
5% steinselja,
10% rauðkál,
10% gulrætur

Engin fylliefni, GMO fritt

Fæst í apótekum,
heilsubúðum, Krónunni,
Grænni heilsu, Nettó og
Melabúðinni
Umboð: Celsus

Aðgerðar- áætlun í úrgangsmálum

Reykjavíkurborg hefur óskað eftir umsögnum um drög að aðgerðaráætlun í úrgangsmálum í Reykjavík. Áætlunin á að gilda fyrir árin 2015 til 2020. Markmiðið með áætlunargerðinni er að draga úr myndun úrgangs og auka endurnýtingu og endurvinnslu. Sérstök áhersla er lögð á val íbúa á þjónustustigi í tillögnum. Þetta kemur m.a. fram í tillögum starfshóps um úrgangsmál í borginni.

Aðgerðaráætluninni verður skipt í þrjú tímabil og er ætlað að auka gegnsæi í málaflokknum auk þess að auðvelda skipulagningu og forgangsröðun verkefna. Þegar hafa verið lagðar ákveðnar línur um þjónustu grenndarstöðva sem verða til hliðsjónar við ákvarðanatöku um úrgangsmál í sveitarfélaginu. Reykjavíkurborg hyggst áfram bjóða íbúum að velja það þjónustustig sem hentar þeim og greiða íbúar fyrir þjónustuna í takt við það. Þannig geta íbúar núna valið hvort þeir vilja nýta sér þjónustu grenndar- eða endurvinnslustöðva eða láta sækja endurvinnsluefni við heimili sín.

lifestream
náttúruleg uppspretta bætiefna



Stúlkurnar ræða við heldri konu sem sækir félagsstarfið á Aflagranda 40.

Sóttu fróðleik á Aflagrandann

Ungur nemur gamall temur er gamalt máltæki. Það á vel við nokkrar unglingsstúlkur úr Hagaskóla sem unnu verkefni um Heimsstyrjöldina síðari og leituðu fanga á meðal fólks í félagsstarfinu á Aflagranda.

Þær spjölludu þær við fólk og tóku viðtöl við þá sem muna þessa tíma vel. Á Aflagrandanum urðu þær margs vísari um árin frá 1939 til 1945 – bæði um lífið í

Reykjavík sem einkenndist af hersetu, stórauðinni vinnu, húsnæðusskortri og fjölbreyttara skemmtanalífi sem vera hersins leiddi af sér og einnig alþjóðamálin en bæði Ríkisútvarpið og dagblöðin sögðu daglega fréttir af gangi stríðsins. Verkefni þeirra veittu viðmælendunum á Aflagrandanum ekki síður ánægju af því að miðla fróðleik milli kynslóða en stúlkunum að fræðast.

Metaðsókn í sumarstarf Frostaskjóls



Labradorinn lætur fara vel um sig í návist áhugasamra krakka í sumarstarfi Frostaskjóls.

Sumarið í Frostaskjólum fer ótrúlega vel af stað og eru krakkarnir himinlifandi með dagskrána og þá viðburði sem hafa verið þessa fyrstu vikur. Metaðsókn er í sumarstarf frístundaheimila Vesturbæjar og hefur nú þegar ótrúlega margt skemmtilegt verið í boði, til að mynda Viðeyjarferð, sundferðir, fjöruferðir og margt fleira.

Fjöldmargar skemmtilegar ferðir eru framundan hjá

krökkunum til 10. júlí en þá lokar sumarfrístundin í þrjár vikur og opnar aftur þriðjudaginn 4. ágúst. Frosti á hjólum er opin allra virka daga fyrir unglingana í Vesturbænum og má sjá dagskrána þeirra á fésbókinni undir Félagsmiðstöð á hjólum. Einnig er vert að benda á að ennþá eru nokkur pláss laus í sumarsmiðjur Tíu12 og í sumarfrístundina og fer skráning fer fram á www.rafraenu.reykjavik.is.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

Melaskóli:

Náttúran og sagan skoðuð

Nemendur 7. bekkja Melaskóla fóru í Skólalúðirnar að Reykjum í Hrutafirði í vikunni 26. til 29. maí og var um óhefðbundna kennslu að ræða.

Farið var í fjöru, fylgst með sauðburði í sveitinni, náttúran skoðuð og komið við í byggðasafn. Einnig var fjörufrétt félagslíf í hópnum; söngur, diskó, þrautir, fótbolti, boltaspil, hárgreiðslukeppni og margt fleira. Í þessu fólst áskorun fyrir krakkana og komu þau reynslunni ríkari heim.




Sjöundubekkingarnir fylgdust meðal annars með sauðburði í sveitinni.



Útfarar- og lögfræðipjónusta

Önumst alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi



Elin Sigrún Jónsdóttir
frankvæmdastjóri

Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta

Snævar Jón Andrússon
útfararþjónusta

Hugrún Jónsdóttir
útfararstjóri

Rósa Kristjánsdóttir
útfararstjóri



Guðmundur Baldvínsson
útfararþjónusta

Jón G. Bjarnason
útfararþjónusta

Ellert Ingason
útfararþjónusta

Katla Þorsteinsdóttir
lögfræðipjónusta

Gestur Hreinnson
útfararþjónusta

Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is



Geymio auglýsinguna

PARKET SÉRGREIN MÍN Í 30 ÁR
Parketlög - parketslipun og viðgerðir

Við erum sérfræðingar á þessu sviði, hvort sem um er að ræða á einkaheimilum eða stærri einingum svo sem skólum stofnunum og eða íþróttahúsum. Parketslipum gömul gólf, sem verða sem ný eftir okkar meðhöndlun.

Okkar þjónusta, þinn ávinningur.
Förum hvert á land sem er.
Þegar gæðin skipta máli

3M

Falleg gólf efl. • Nesbala 25 • 170 Seljarnes • gólfslipun@simnet.is • sími: 561 4207 • GSM: 898 1107

GOTT Á GRILLIÐ



LAMBA

LÆRISSNEIÐAR

Bragð: Mild paprika, chili og hvítlaukur

Grilltími: 4-5 mínútur á hvorri hlið

Tillaga að meðlæti: Ferskt salat, bökuð kartafla og piparsósa

Verði ykkur að góðu!



-alltaf góður

Míla kynnir 100Mb/s tengingar

100 Mb/s um Ljósveitu aðgengileg í vesturbæ Reykjavíkur

Míla hefur nú lokið við að uppfæra Ljósveitubúnað sinn í götuskápum í vesturbænum og þar með hafa heimili sem tengjast götuskápum möguleika á allt að 100 Mb/s tengingu með Ljósveitu Mílu. Það svæði sem nú hefur verið uppfært er allt Höfuðborgarsvæðið, Akranes, Hveragerði og Þorlákshöfn. Þar með hafa alls um 89 þúsund heimili nú möguleika á 100 Mb/s tengingu með Ljósveitu. Til viðbótar hafa um 30 þúsund heimili aðgang að Ljósveitu með allt að 70Mb/s tengingu. Þetta gerir stöðu Íslands gríðarlega sterka í samanburði við önnur lönd.

Í nýrri skýrslu starfshóps innanríkisráðherra „Ísland ljóstengt“ kemur fram það markmið að allir landsmenn skuli hafa aðgang að 100Mb/s tengingu árið 2020. Þingsályktunartillaga um fjarskiptaáætlun sem samþykkt var á Alþingi setur 100Mb/s markið fyrir árið 2022.

Samkvæmt Jóni R. Kristjánssyni framkvæmdastjóra Mílu þá er þetta stór áfangi. Breytingin er veruleg þó að fæstir muni taka eftir henni þar sem notkunarþörf heimila almennt er mun minni en 100 Mb/s. Það endurspeglast í markmiði starfshóps innanríkisráðherra um að þessum áfanga skuli náð 2020. „Engar framkvæmdir fylgja þessari uppfærslu, hvorki í götu, á húsnæði notenda eða lóð. Þessi aukning hefur sömuleiðis ekki áhrif á verð

þjónustunnar frá Mílu” segir Jón. Aðeins þarf að skipta um búnað í götuskápum Mílu og er þeirri aðgerð lokið á ofangreindum svæðum. Langflestir notendur þjónustunnar verða lítið varir við þessa útskiptingu og núverandi þjónusta mun virka áfram. Þjónustuveitendur sjá um að uppfæra eða skipta um endabúnað (router) viðskiptavina til að virkja þjónustuna.

Míla þjónustar alla

Hingað til hefur umræða um 100Mb/s verið tengd ljósleiðara. Er þá Ljósveita það sama og ljósleiðari? „Ljósveita er bæði ljósleiðari alla leið inn á heimili og ljósleiðari með koparenda þar sem búnaður er notaður til að ná 100Mb/s flutningsgetu. Nýjasta tækni gerir það að verkum að kapalgerð skiptir hér ekki máli.” segir Jón.

Míla hefur lagt áherslu á að tryggja öllum notendum á ofangreindum svæðum góðan hraða en velur sér ekki ákveðnar götur eða hverfi. Sömuleiðis er vert að benda á að Ljósveita Mílu er opið aðgangsnét fyrir öll fyrirtæki með fjarskiptaleyfi.

Mikilvægur áfangi og trygg framtíð

Nú er mikilvægum áfanga náð en verkefninu er ekki lokið. Þetta hefur verið umfangsmikið verkefni sem hófst árið 2009 með Ljósveituvæðingu sem stendur



Jón R. Kristjánsson framkvæmdastjóri Mílu.

enn yfir víða um land.

Nú þegar búið er að tryggja allt að 100Mb/s til allra notenda Ljósveitu á ofangreindu svæði, er næsta skref Mílu að tengja ljósleiðara og blása ljósleiðara í fyrirbyggjandi rör samhliða þeirri tengingu sem þegar er til staðar. Þetta verkefni er þegar hafið og mun því fylgja lítið jarðrask sem lágmarkar bæði tilkostnað og óþægindi fyrir notendur. Þannig mun Míla tryggja til framtíðar að þegar á þarf að halda verða allir notendur á ofangreindu svæði með tengingu sem uppfyllir þeirra þarfir á hagstæðu verði.



Vespuarnar standa tilbúnar fyrir fram Bike Cave við Einarsnesið.

Bike Cave – nýtt kaffihús við Einarsnes

Bike Cave opnaði nýlega í Skerfafirðinum við Einarsnes 36 þar sem Skerjaver var á sínum tíma en sú verslun lokaði 2007. Bike Cave er kaffihús, veitingastaður og bar fyrir allt venjulegt fólk sem hefur gaman af því að setjast niður og njóta lífsins á kósý stað.

Eigendur hins nýja staðar leggja upp með að hafa mat og drykki á mjög sanngjörnu verði og eingöngu er matreitt úr úrvals hráefni. Kaffivélin skaffar gott kaffi úr baunum frá Kaffitári og

með því er hægt að fá einhverjar bestu vöflur á Íslandi. Þá er hægt að leigja vespu í Bike Cave sem er ótrúlega skemmtileg tilbreyting og eiginlega nýjung í kaffihúsarekstri hér á landi. Þá er sjálfsþjónustuaðstaða fyrir hjóla fólk, allt frá þríhjólum til mótörhjóla og möguleiki er á aðstoð við viðgerðir. Bike Cave er opið er alla daga vikunnar frá 8 til 23. Heimasíðan er www.bikecave.is þar sem má sjá nánar hvað boðið er upp á í þessu gamla og vinalaga húsi.

Matur og vín:

Í sumar grillum við! Grillréttirnir frá Hafinu eru frábærir á grillið og fátt ljúfara en góðar stundir á sólpallinum með góðan fiskrétt á grillinu og njóta þess að sötra rétta hvítvínið með matnum eða bara eitt og sér.

Hafið fiskverslun er sérverslun með hágæða fiskafurðir og meðlæti fyrir kröfuharða neytendur.

Fiskborðin eru þéttsetin af landsins mesta úrvali af tilbúnum fiskréttum til að ofnbaka, steikja eða grilla sem gerir viðskiptavinum kleift að elda dýrindis máltíð á nokkrum mínutum án nokkurar fyrirhafnar.

Grillréttur mánaðarins er frá Fiskbúðinni Hafinu, sem er staðsett á tveimur stöðum

Hlíðasmára 8, Kópavogi og Spönginni 13, Rvk.



Lax í sesam og engifer

Laxasteikur marineradar á asísk-vesirænan máta best á grillið



Við mælum með eftirfarandi víni við þennan rétt:

Montalto Organci Cataratto
- Lífræntæktað
- Sikiley - 1.799 kr.

Ljössítrónugult.
Létt fylling, ósætt, fersk syra.
Ljós ávöxtur, sítrusbörkur, læm.

Piccini Bianco Toscana
- Ítalía - Toskana - 1.550 kr.

Ljössítrónugult.
Létt fylling, þurr, mild syra.
Ljós ávöxtur, sítrus, eplakjami.



◀ EINGÖNGU SÉRVALIÐ HRÁEFNI ▶

PREMIUM

PIZZUR

Premium pizzur Domino's verða til þegar pizzubakararnir okkar fara fram úr sjálfum sér, í jákvæðum skilningi, svo úr verða framúrskarandi pizzur. Við fengum listakokkinn **Hrefnu Sætran** til samstarfs og hún töfraði fram tvær af Premium pizzum okkar, Americana og Prima.

Prófaðu Premium pizzurnar okkar, þær gera góðan matseðil okkar enn fjölbreyttari.

AMERICANA ★



Laukur, rauðlaukur, hægeldað kryddlegið svínakjöt (pulled pork), beikonkurl og cheddarostur, toppuð með BBQ sósu.

Samsett af

Hrefnu Sætran

MEAT DELIGHT ★



Úrvals beikonsneiðar, sérvalin steikarpylsa, rjómaostur, piparostur og chiliflögur.

ELDÓRADÓ ★



Hvítlaukspizzubotn, hvítlauksolía í stað pizzusósu, rjómaostur, úrvals beikonsneiðar, pepperoni, jalapeno og chiliflögur – þessi rífur aðeins í!

PRIMA



Pepperoni, safaríkir kirsuberjatómatar, ferskur mozzarella, úrvals beikonsneiðar, basilpestó og svartur pipar.

Samsett af

Hrefnu Sætran



WWW.DOMINOS.IS

DOMINO'S APP

SÍMI 58 12345

Vala Ingimarsdóttir

... nokkur kveðjuorð

Í símanum var rödd ungrar konu. Hún kynnti sig og kvaðst búa í Vesturbænum og væri búin að taka við formennsku í hverfisráði borgarinnar. Hún var áhugasöm - vildi láta til sín taka. Umhverfi og mannlíf voru henni hugleikin og hún vildi fá sem flesta til liðs við sig. Vesturbæjarblaðið var þar engin undantekning. En hún var ekki fyllilega sátt við skrif blaðsins. Þótt ég hefði ekki húsbóndavald á blaðinu á þeim tíma fann ég strax að konan í símanum og blaðið gátu átt samleið um að gera Vesturbæinn að betri byggð. Hún spurði hvort ég hefði búið í Vesturbænum og þegar ég sagði henni að ég hafði verið þar í tvo áratugi með smávægilegum frávikum var röddin ákveðnar. „Þú verður að koma með“. Og símtalinu lauk með því að við ákváðum að hittast yfir kaffibolla og ræða málin.

Yfir kaffinu kom Vala eiginlega öll í ljós. Ákveðnin og krafturinn sem dreif hana áfram var augljós og hugmyndaauðgin virtust fá takmörk sett. Það dróst úr spjallinu. Vala átti nægan tíma. Stundum er sagt að góð blöndun komi fram í útliti, krafti og áreiðanleika. Sé einhver mannfræði að baki þeirri fullyrðingu kom hún greinilega fram í Völu. Yfir kaffinu rakti hún ættir sínar þar sem Suðurland og Norður – Þingeyjarsýsla mættust á miðri leið.

Kaffitímanum lauk með því að ég bauð henni að skrifa viðtal við hana – um hana og Vesturbæinn sem hún greinilega leit á sem heimabyggð þótt hún væri alin upp í nágrenni Miklatúnsins. Eftir þetta var auðvelt að leita til Völu. Hún gjörþekkti Vesturbæinn eins og hún hefði slitið öllum barnsskónum þar á grundu og átti óendanlegar hugmyndir hvernig fjalla mætti um dag og veg á þeim heimaslóðum. „Ég vil koma að því hversu mikil saga og menning er að baki þessa borgarluta,“ sagði hún í viðtali við Vesturbæjarblaðið.



Einlægni Völu verður vart betur lýst en fljótlega deildi hún því að hún gengi ekki heil til skógar. Taldi veikindi sín tæpast til hættu en gerði sér þó grein fyrir að mein yrði ekki upprætt að fullu heldur haldið í skefjum. Í stað uppgjafar lagði hún í viking og stjórn málafræðingurinn fékk vísindamenn í læknisfræði til liðs við sig og stofnaði fyrirtækið Vala Med - þekkingarfyrirtæki í læknisfræði á sviði krabbameinsrannsókna.

Einhverju sinni nefndi hún hvort ég vildi kynna Sif Jakobs skartgripahönnuð. Vala fékkst einnig við kynningu og sölu skartgripa í fyrirtæki sem hún stofnaði og nefndi Ossa skart í höfuð Oddnýju ömmu sinnar að norðan. Ég átti langt símtal við Sif hvar sem hún var stödd - í Danmörku eða í Japan þá stundina og efnid varð til. Eftir það hringdi Vala til mín að morgni dags og bað mig að líta við í kaffi. Við eldhúsbörðið heima á Einimelum tók hún fram öskju og launaði fyrir Sif og sig á þann hátt sem engum öðrum var líkt.

Eftir kaffið áttu Vala og Vesturbæjarblaðið samleið og eftir að mér var sett húsbóndavald á þeim bæ var öryggi að vita af henni. Ráð og hugmyndir spruttu af því er virtist af óendanlegum brunni. Ekki brást að lúta því leiðarljósi. Það var eins og hún sægi inn í tímann. Fjölskyldan, vinahópurinn stóri, Vesturbærinn og Vesturbæjarblaðið eru fátækari.

Þ

Sjálfstæðisflokkurinn vill Landhelgisgæsluna áfram í Reykjavík

... borgarstjórnarmeirihlutinn vísaði tillögunni til nefndar

Meirihluta flokkarnir í borgarstjórn vildu ekki samþykka tillögu Sjálfstæðisflokksins um að lagst verði eindregið gegn flutningi á starfsemi Landhelgisgæslunnar (LHG) frá Reykjavík og að lýst verði yfir fullum vilja borgarstjórnar til þess að búa þannig að starfsemi stofnunarinnar í borginni að hún nái að þróast og eflast. Tillagan var lögð fram á síðasta fundi borgarstjórnar en í stað þess að samþykka hana kaus meirihlutinn að vísa henni til meðferðar í borgarráði. Kjartan Magnússon borgarfulltrúi og flutningsmaður tillögunnar segir dapurlegt að vinstri meirihlutinn í borgarstjórn vilji ekki styðja það með afdráttarlausum hætti að starfsemi Landhelgisgæslunnar verði áfram í Reykjavík heldur vísi henni til nefndar. „Slík afgreiðsla vekur auðvitað spurningar um vilja vinstri meirihlutans fyrir því að Landhelgisgæslan verði áfram í borginni.“

Margir vilja fá LHG út á land

Kjartan bendir á að árum saman hafi ýmis bæjarfélög úti á landi sótt það fast að starfsemi Landhelgisgæslunnar verði flutt þangað, annað hvort að hluta eða í heild. „Í vetur kom sú hugmynd fram í frægri skýrslu að flytja heimahöfn Gæslunnar í Skagafjörð en áður höfðu komið fram hugmyndir um Ísafjörð auk þess sem þingsályktunartillaga liggur fyrir Alþingi um að flytja stofnunina til Suðurnesja. Rétt er að borgarstjórn leggist eindregið gegn slíkum hugmyndum um flutning Landhelgisgæslunnar, hvort sem er að hluta eða í heild og lýsi jafnframt yfir fullum vilja til að búa þannig að starfsemi stofnunarinnar í Reykjavík, jafnt flugdeild sem skiparekstri, að hún nái áfram að þróast og eflast,“ segir Kjartan.

Þylusveitin

Stuðningsmenn þess að Landhelgisgæslan verði áfram í

Reykjavík hafa fundið að því að sögn Kjartans að á sama tíma og hugmyndir komi sífellt fram um flutning stofnunarinnar út á land, heyrst lítið um málið frá kjörnum fulltrúum Reykvíkinga. Jafnvel hafi oddviti Samfylkingarinnar, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, sjálfur lýst þeirri framtíðarsýn að þylusveit Landhelgisgæslunnar yrði staðsett á Akureyri í tengslum við uppbyggingu á sjúkrahúspjónustu þar. „Það má vera að þarna sé komin skýring á því af hverju borgarfulltrúar Samfylkingarinnar treysta sér ekki til að styðja afdráttarlausu tillögu um stuðning við áframhaldandi starfsemi Landhelgisgæslunnar í Reykjavík. Reyndar er líklegt að Gæslan neyðist til að finna þylusveit sinni nýjan stað ef áfram verður þrengt að flugvallarstarfsemi í Vatnsmýri eins og núverandi borgarstjórnarmeirihluti vinnur að undir forystu Dags,“ segir Kjartan.

Gæslan er hátæknivinnustaður

Starfstöðvar Gæslunnar hafa flestar verið byggðar upp í Reykjavík og segir Kjartan skynsamlegt að halda því fyrirkomulagi óbreyttu að ekki stærri stofnun sem þó hafi svo víðtækt hlutverk, verði áfram með aðalstöðvar sínar og meginstarfsemi í Reykjavík. „Oruggt er að það myndi hvorki auðvelda stjórnun á svo fjölbreytlegri starfsemi né auka skilvirkni hennar að flytja hana í hlutum eða í heild út á land. Landhelgisgæslan er hátæknivinnustaður þar sem mörg störf eru sérhæfð. Mun auðveldara er að manna slík störf hæfu fólki hér á höfuðborgarsvæðinu en á litlu atvinnusvæði úti á landi. Einnig verður að hafa starfsfólk Gæslunnar og fjölskyldur þess í huga þegar fjallað er um þessi mál. Þetta er þéttur hópur einstaklinga sem margir hverjir búa að áratuga reynslu og þekkingu á sínu sviði og væri því mikið óþurftaverk að rífa starfsemi þessa upp með rótum enda líklegt að margir starfsmenn litu



Kjartan Magnússon borgarfulltrúi.

svo á að með því væri í raun verið að segja þeim upp störfum.“

Kjartan segir auðvelt að sýna fram á að hagkvæmast og öruggast sé að aðalstöðvar og útgerð helstu tækja LHG sé í Reykjavík, m.a. vegna nálægðar við Landspítalann og fjölmennustu byggðarlög landsins. Þess vegna er það sjálfsgætt í minum huga að borgarstjórn lýsi yfir afdráttarlausum stuðningi við starfsemi Landhelgisgæslunnar í Reykjavík og að þar nái þessi starfsemi að vaxa og dafna,“ segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi.

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

www.borgarblod.is

við hreinsum fyrir þig

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966

HRADÍ fatahreinsun
Egisdú 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is

Nesstofa
- Hús og saga -

Ný sýning í Nesstofu sem fjallar um húsið og landlæknisembættið sem stofnað var árið 1760.

Skemmtileg verkefni í boði fyrir fjölskyldur og frístundahópa.

Opið alla daga nema mánudaga frá 13. júní - 31. ágúst kl. 13-17, ókeypis aðgangur.

Nesstofa er hluti af húsafni Þjóðminjasafns Íslands.

Nánari upplýsingar:
í síma 595 9100 eða 530 2200
www.thjodminjasafn.is

KR í þriðja sæti með 17 stig eftir góðan sigur á Stjörnunni

KR hafði betur í leik við Stjörnuna í Garðabæ á þriðjudegskvöld í lokaleik níundu umferðar úrvalsdeildar karla í knattspyrnu. Ekkert mark var skorað í fyrri hálfleik en um miðjan síðari hálfleik skoraði Almarr Ormarsson fyrir KR. Ekki voru skoruð fleiri mörk í leiknum sem lauk með 1-0 fyrir KR. KR er því í þriðja sæti deildarinnar með 17 stig, þremur stigum frá toppnum, en Stjarnan með 12 stig í 6. sæti.

Þrátt fyrir markaleysi var fyrri hálfleikur fjörugur og bæði lið fengu færi til að skora. Síðari hálfleikurinn var hins vegar mun fjörugri. Eftir mark Almarrs upphófst enn meira fjör. Í frétt RÚV um leikinn kemur fram að Stefán Logi Magnússon, markvörður KR hafi leikið sér að eldinum þegar hann hafi gefið sér góðan tíma til að taka upp boltann og misst hann síðan hann til Ólafs Karls Finsen sem þó náði ekki að koma skoti á markið en féll við í teignum þegar Stefán Logi kastaði sér á eftir boltanum. Erlendur Eiríksson dómari dæmdi þá aukaspyrnu á



KR-ingar í baráttunni við Stjörnumenn.

Ólaf Karl vegna þess að Stefán Logi hefði verið kominn með hendur á boltann í upphafi þegar Ólafur Karl náði honum. Stjörnumenn voru æfir og vissir um að Stefán ætti að fá rautt spjald og Stjarnan vítaspyrnu en svo fór þó ekki. Engu að síðuð sauð upp úr á þessum tímapunkti. Korter

fyrir leikslok fékk Gunnar Nielsen rauða spjaldið þegar hann stöðvaði boltann utan vítateigs með hendi þegar Almarr var að elta stungusendingu. Einum manni færri reyndu Stjörnumenn að jafna metin undir lokin en höfðu ekki erindi sem erfiði og sigur KR í höfn.

KR-ingar í lykilhlutverki

Allir íslensku borðdómarnir í borðtenniskeppni Smáþjóðaleikanna voru úr KR. Dómarnir voru Finnur Hrafn Jónsson, Guðrún Ólafsdóttir, Hannes Guðrúnarson, Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Jóhannes Bjarki Urbancic og Pétur Marteinn Urbancic Tómasson.

Hlöðver Steini Hlöðversson var fjölmiðlafulltrúi í borðtenniskeppninni auk þess að vera aðstoðarmótsstjóri. Kári Mímisson var tæknistjóri og Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir sá um skipulag verðlaunaafhendinga. Aldís Rún Lárusdóttir gegndi lykilhlutverki í skipulagningu borðtenniskeppninnar, auk þess að vera keppandi ásamt Davíð Jónssyni og Guðrúnu G Björnsdóttur. Þá var fjöldi KR-inga í hlutverki annarra sjálfboðaliða í borðtenniskeppni leikanna.



Á myndinni má einnig sjá Sigurð Val Sverrisson, formann Borðtennissambands Íslands, Árna Siemsen aðstoðaryfirdómara og Ástu M. Urbancic, mótsstjóra úr KR. Mynd: Hlöðver Steini Hlöðversson.

Björn Einarsson ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna

Körfuknattleiksdeild KR hefur gengið frá samningi við Björn Einarsson og mun hann þjálfar meistaraflokk kvenna næstu tvö árin. Björn hefur getið sér gott orð fyrir þjálfun yngri flokka í Keflavík en mun nú stíga sín fyrstu skref í meistaraflokksþjálfun.

Eftirfarandi viðtal birtist á karfan.is

Hvað kom það til að þú ákvaðst að taka við KR?

Gott tækifæri á hárréttum tíma til að þjálfar í Úrvalsdeild.

Hvernig séðu liðið fyrir þér?

Hópurinn verður nokkurn veginn sá sami og í fyrra eins og staðan er í dag. Annars er þetta allt í vinnslu og verður vonandi allt komið á hreint sem fyrst.

Hverskonar breytingar koma með þér sem þjálfara?

Kem inn með meiri metnað, aga og hugarfarabreytingu!

Við ætlum okkur klárlega að gera mun betur en í fyrra. KR á aldrei að vera í botnbaráttu.

Hvernig körfubolta ætlar KR að spila næsta season?

Agaðan og skipulagðan körfubolta. Það sem ég ætlast til af þeim sem munu klæðast KR treyjunnar næsta vetur er að þær mæti í alla leiki til að leggja sig fram 150%, skutli sér í alla lausa bolta, spili hörku vörn og leggi allt í sölnurnar.

Kemur ekkert annað til greina!

Verður það run-gun Keflavíkurbolti?

Tel það ólíklegt en hver veit.



Björn Einarsson ásamt leikmönnum mfl. kvenna.

Ef þú fengir að velja 2 leikmenn til að byggja á (úr öðru liði), hverjar væru það þá og afhverju?

Myndi velja stelpurnar sem eru nú þegar í KR nr 1,2 og 3.

Annars eru allir leikmenn velkomnir til mín í KR!

Var ekkert erfitt að svíkja lit fyrir hið svarthvíta?

Enginn að svíkja neinn. Ég er að gera þetta á réttum forsendum og hlakka til næstu tveggja tímabila. Er búinn að standa mína plikt og rúmlega það í Keflavík undanfarin 5 ár. Það var einfaldlega kominn tími á nýtt "challenge" og þ.a.l. tel ég þetta vera góða ákvörðun fyrir bæði mig og KR. Vann með ótrúlega flottum leikmönnum í Keflavík og mun án efa sakna þeirra, en núna er sá kafli búinn í bili og nýtt ævintýri hefst með KR!

KR-SÍÐAN



Þú færð KR vörurnar í Jóa útherja Áfram KR

Jói útherji

www.joiutherji.is

Ármúli 36 • Reykjavík 108
S: 588 1560



GETRAUNANÚMER
KR ER 107



Rauda Ljónið
síðan 1989

HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ
eda

BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur



Ljósveitan
Kemur með háhraðanetið 



ENNEMM / SIA / NM6937

100 Mb/s í Vesturbænum

Heimili í Vesturbænum eiga nú kost á 100 Mb/s tengingum um Ljósveitu Mílu.
Með nútímatækni og fyrirbyggjandi samböndum geta nú 89.400 íslensk heimili uppfært
hraðann hjá sér án nokkurra aukatenginga eða framkvæmda.

Kynntu þér stöðugar háhraðatengingar Ljósveitunnar á www.mila.is

Hafðu samband við
eftirtalda aðila til að kaupa
þjónustu um Ljósveituna

Tölvustöð 

 **vodafone**

 **snerpa**

 **Símafélagið**

 **TÖLVUN**

365

 **Fjölnet**

 **Hringdu**

 **Hringiðan**

 **Síminn**

 **TAL**

 **mila**
Lífæð samskipta